

Nr. 2.  
17.  
febr.

## Auglýsing,

um

bann gegn því að flytja nautpening, sauðfje, geitur og fl. frá Þýzkalandi og Bretlandi hinu mikla til Íslands.

Sökum þess að kvikfjárpest gengur á Þýzkalandi og Bretlandi hinu mikla, hefir stjórnarráðið fundið ástæðu til að banna með öllu fyrst um sinn, að flytja þaðan til Íslands nautpening, sauðfjenað og geitur, eða nokkuð sem hrátt er af tjeðum skepnum, einkum húðir og skinn, hvort heldur þau eru þurkuð eða söltuð, horn, klaufir, hófa, ull, hár, óhangið kjöt, mör og fl. Öll önnur húsdýr, svo og hey og hálm (hjermeð talið hvað eina af því tagi, sem kynni að vera notað til umbúða um sendingar), sem flytjast til Íslands frá tjeðum löndum, skal fara svo með, að tekið verði úr því sóttnæmið, áður en það verður flutt í land.

Þetta skal hjermeð kunngjört til leiðbeiningar og eptirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í stjórnarráðinu fyrir Ísland, 17. dag febrúarm. 1877.*

*J. Nellemann.*

---

*F. Vestergaard.*  
asst.

## Bekjendtgjørelse

Nr. 2.  
17de  
Februar.

angaaende

### Forbud imod Indførsel til Island af Hornkvæg, Faar og Geder m. m. fra Tydskland og Storbritanien.

Paa Grund af den i Tydskland samt Storbritanien herskende Kvægepest har Ministeriet fundet sig foranlediget til indtil videre at forbyde al Indførsel derfra til Island af Kvæg, Faar og Geder eller af raa Dele af disse Dyr, navnlig Huder og Skind, hvad enten de ere tørrede eller saltede, Horn, Klove, Hove, Uld, Haar, uroget Kjød, usmeltet Talg m. m. Alle andre Husdyr samt Hø og Halm (herunder indbefattet hvad der af saadant maatte være benyttet som Emballage til Forsendelser), som ankomme til Island fra bemeldte Lande, skulle, forinden de indføres, desinficeres.

Hvilket herved bekjendtgjøres til Efterretning og Sagttagelse for alle Bedkommende.

Ministeriet for Island, den 17de Februar 1877.

*J. Nellemann.*

---

*F. Vestergaard,*  
Kstf.